

Sp.

398. Beiðni um skýrslu

iðnaðarráðherra vegna Kröfluvirkjunar.

Frá Vilmundi Gylfasyni, Kjartani Jóhannssyni, Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Magnúsi H. Magnússyni, Péttri Sigurðssyni og Friðrik Sophussyni.

Herra forseti.

Við undirritaðir þingmenn óskum eftir, með tilvísun til 31. gr. þingskapa, að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu, nú fyrir þinglok, um Kröfluvirkjun.

Í skýrslunni komi m. a. fram:

1. Sundurliðaður heildarkostnaður við framkvæmdir vegna Kröfluvirkjunar á núgildandi verðlagi. Þar á meðal verði sundurliðaður launakostnaður við Kröflu og viðskipti Kröflunefndar við Bílaleigu Akureyrar svo og önnur einstök fyrir-
tæki.
2. Framkvæmdaáform varðandi Kröfluvirkjun á næstu tólf mánuðum.
3. Rekstrarkostnaður við Kröfluvirkjun nú — og rekstrartekjur.
4. Fjárhagslegur ávinningur af frekari fjárfestingu við Kröflu, þar á meðal við boranir, og fjárhagsleg áhætta tengd þeim fjárfestingum.
5. Lýsing á ástandi þeirra borhola, sem þegar hafa verið boraðar.
6. Afstaða til þeirra hugmynda að flytja annan hverfilinn við Kröflu á Reykjanesvæðið.
7. Fjármagnskostnaður við Kröflu.

Vilmundur Gylfason.

Kjartan Jóhannsson.

Árni Gunnarsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Eiður Guðnason.

Karl Steinar Guðnason.

Magnús H. Magnússon.

Pétur Sigurðsson.

Friðrik Sophusson.